

Reykjavík 10. október 2017


Ágæti viðtakandi,

Þann 12. september 2017 náðu Faxaflóahafnir sf. þeim áfanga, fyrst hafna á Íslandi, að fá umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað í samræmi við alþjóðlega umhverfisstaðalinn ISO 14001. Kjarni staðalsins er að vinna að stöðugum umbótum til að draga úr umhverfislegum áhrifum. Vottunin er viðurkenning á heildstæðri umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf. og gefur fyrirtækinu ákveðinn gæðastimpil þegar kemur að þeim fjölmörgu umhverfispáttum sem snerta starfsemi þess. Með vottuninni sýnir fyrirtækið ábyrgð á því að minnka umhverfisáhrif fyrirtækisins með því að nota auðlindir skynsamlega, stuðla að minnkun á útblæstri og minnka umfang sorps en farga því sem þarf á ábyrgan hátt. Þannig má með öguðum og markvissum vinnubrögðum lágmarka áhrif á umhverfið að því leyti sem því verður við komið.

Faxaflóahafnir sf. óska eftir af hálfu almennings, viðskiptavina og fyrirtækja á hafnarsvæðinu að umhverfismál skulu ávallt höfð að leiðarljósi í umgengni og starfsemi á hafnarsvæðinu. Í verklegum framkvæmdum skal ávallt fara eftir lögum og reglugerðum sem varða öryggis- og umhverfismál og vinna í samræmi við reglur Faxaflóahafna sf. Úrgangur sem verður til vegna starfsemi og framkvæmda skal flokkaður og falinn viðurkenndum aðila til förgunar. Ílátum og afgangum sem geta innifalið eitrefni, hættuleg efni (merkingarskyld efni) eða spilliefni skal fargað skv. viðurkenndum reglum, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003. Ávallt skal bregðast við öllu raski og umhverfisóhöppum með úrbótum og annast skráningu og tilkynningaskyldu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Faxaflóahafnir sf. vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafa og munu leggja lóð sína á vogarskálar í þágu umhverfisins, hvort heldur er vegna starfsemi eða framkvæmda á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. Aukin vitund um umhverfismál fer sífellt vaxandi og einnig hlutur þeirra í rekstri fyrirækja. Umhverfisstjórnunarkerfi Faxaflóahafna sf. er ætlað að skila jákvæðum árangri og þess vegna er heitið á liðsinni allra þeirra sem á fjölmörgum sviðum geta lagt sitt af mörkum til hagsbóta fyrir umhverfið.

Virðingarfyllt,



Gísli Gíslason, hafnarstjóri